



ÁRSSKÝRSLA BFSÍ 2021



**bogfimisamband
íslands**

Efnisyfirlit

FORMÁLI	2
STJÓRNUN	3
AÐILDARFÉLÖG	3
STJÓRNARFUNDIR.....	3
MANNAUÐUR.....	2
INNLEND SAMSKIPTI.....	2
ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI	3
ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS	5
MET OG VIÐURKENNINGAR	6
REGLUGERÐIR, STEFNUR OG SKIPULAG BFSÍ	7
ÚTBREIÐSLA OG FRÆÐSLA	8
IÐKENDUR.....	9
ÞJÁLFAVARAR.....	10
DÓMARAR	10
MIÐLAR.....	10
ÖNNUR ÚTBREIÐSLU OG FRÆÐSLU VERKEFNI	11
MÓT	14
ÍSLANDSMÓT BFSÍ	16
Íslandsmeistaramót	17
Íslandsmót Ungmenna	18
Íslandsmót Öldunga	18
ÖNNUR MÓT BFSÍ	19
INDOOR WORLD SERIES	19
ÖNNUR MÓT	20
AFREKSSTARF	21
STARFSMENN Í AFREKSSTARFI	22
A LANDSLIÐSVERKEFNI (HM/EM OPINN FLOKKUR/FULLORÐINNA)	22
ÖNNUR LANDSLIÐSVERKEFNI FULLORÐINNA (B/C)	22
UNGMENNA LANDSLIÐSVERKEFNI.....	23
HÆFILEIKAMÓTUN.....	24
MENNTUN/ENDURMENNTUN AFREKSPJÁLFAVARA	25
ALÞJÓÐLEGIR DÓMARAR	25
HEILBRIGÐISTEYMI.....	25
AFREKSSTEFNA OG AÐGERÐAÁÆTLUN	26
ÁRANGUR Í LANDSLIÐSVERKEFNUM	27
STAÐA Á HEIMS- OG EVRÓPULISTA.....	30

Formáli

Fyrsta Bogfimiþing Bogfimisambands Íslands (BFSÍ) var haldið 13 mars 2021. Stofnþing Bogfimisambands Íslands (BFSÍ) var haldið 1. desember 2019 og er því er árið 2021 annað heila starfsár BFSÍ.

Því miður er ekki hægt að komast hjá því að fjalla um áhrif kórónuveirufaraldursins á síðasta ári. Faraldurinn hefur haft töluverð áhrif á innlent og erlent starf BFSÍ. Ýmsum verkefnum sem áætluð voru á árinu var frestað eða aflýst.

BFSÍ hefur þó tekist á við heimsfaraldurinn á besta veg sem færi var á hverju sinni og aðstoðað aðildarfélög sín eins og mögulegt var til þess að geta haldið uppi því starfi og þeim verkefnum sem mögulegt var.

Mannauður er mikilvægasta auðlind BFSÍ. Fjárfesting í mannauð með ráðningu starfsmanna, menntun og þjálfun þeirra er því mikilvægasta verkefni sambandsins sem mun stuðla að allri annarri uppbyggingu á íþróttinni. Bill Gates sagði „ef þú tækir tuttugu snjöllustu starfsmennina út úr Microsoft þá yrði það ómerkilegt fyrirtæki“.

Stefnur eða umgjörð hefur verið sett upp fyrir marga þætti í starfi sambandsins þó að ekki hafi verið gripið til aðgerða í þeim öllum en sem komið er. Starfsfólk sinnir flestum verkum BFSÍ og er það mikill léttir á sjálfbóðaliðum í íþróttinni.

BFSÍ, starfsfólk og stjórnarmenn hafa hlotið hrós frá mörgum aðilum á árinu um að standa sig með þrýði gagnvart sínum skyldum og störfum. Markmið BFSÍ er að halda áfram því striki að bæta sig og vera íþróttasérsamband til fyrirmyndar í alla staði bæði hérlandis sem og erlendis. Að mörgu þarf að hlúa til að tryggja áframhaldandi vöxt.

Ánægjulegt var að sjá að BFSÍ setti sig á fremsta bekk meðal landssambanda innan World Archery (WA). M.a. með því að vera meðal aðeins 27 þjóða



Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður

sem hafa fullt atkvæðavægi á heimsþingum WA og meðal 50 efstu landssambanda innan WA eftir iðkenda fjölda óháð höfðatölu.

Í frammistöðumati á góðum stjórnháttum endaði BFSÍ hærra en 2/3 sérsambanda á Íslandi þegar sambandið var aðeins 14 mánaða gamalt og BFSÍ var fært í flokkun Afrekssjóðs ÍSÍ úr C/þróunarsérsambandi í B/Alþjóðlegt sérsamband.

Staða sambandsins er því sterk og sambandið komið vel á veg í þróun þrátt fyrir ungan aldur. Ástæða þess er að hluta til margra ára undirbúningur að stofnun sambandsins og vegna mikillar virkni lykil stjórnarmanna í sínum störfum, sem þau hafa sinnt af þrýði. Mikilvægt er þó að sætta sig ekki við núverandi ástand og halda þróuninni áfram.

Við viljum þakka aðildarfélögum BFSÍ, þjálfurum, iðkendum, keppendum, dómurum og sjálfbóðaliðum fyrir uppskeru ríkt bogfimi ár og þann vöxt sem orðið hefur í íþróttinni. Einnig viljum við þakka ÍSÍ, World Archery og starfsmönnum þeirra fyrir mikla og mikilvæga aðstoð á þessu öðru starfsári BFSÍ. Með von um áframhaldandi samstarf vöxt, þróun og útbreiðslu íþróttarinnar.

F.h. stjórnar Bogfimisambands Íslands,
Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður





Frá Bogfimiþingi Bogfimisambands Íslands mars 2021

Í stjórn BFSÍ sitja:

- Guðmundur Örn Guðjónsson formaður
- Haraldur Gústafsson varaformaður
- Albert Ólafsson gjaldkeri
- Ásdís Lilja Hafþórsdóttir ritari
- Astrid Daxböck meðstjórnandi

Varamenn/skoðunarmenn eru:

- Oliver Ormar Ingvarsson varamaður 1
- Alfreð Birgisson varamaður 2
- Sveinn Stefánsson varamaður 3
- Ólafur Gíslason skoðunarmaður
- Gunnar Bragason skoðunarmaður

Aðildarfélög

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan þeirra er iðka og keppa í bogfimiíþróttum. 11 aðildarfélög í 10 íþróttahéruðum voru aðilar að BFSÍ á árinu.

Bogfimifélagið Boginn	UMSK
Bogfimifélagið Hrói Höttur	ÍBH
Íþróttafélagið Akur	ÍBA
Íþróttafélagið Freyja	ÍBR
Skotíþróttafélagið Dreki	ÚÍA
Skotfélag Austurlands	ÚÍA

Skotíþróttafélag Ísafjarðar	HSV
Skotíþróttafélagið Skyttur	HSK
Sundfélagið Grettir	HSS
Ungmennafélagið Tindastóll	UMSS
Ungmennafélagið Efling	HSP

Stjórnarfundir

Átta stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2021 og fundargerðir þeirra er að finna á vefsíðu sambandsins.¹ Fundir stjórnar hafa gengið vel, þó að stundum hafi verið of mörg mál á dagskrá og fundirnir verið langir. Lykil stjórnarmenn voru einnig mjög virkir milli funda í samskiptum og skipulagi og því fundirnir oft farið í að færa til bókar þau atriði sem komu upp í vinnu stjórnarmeðlima milli funda.

¹ <https://bogfimi.is/fundargerdir/>

Mannauður

Mannauður er mikilvægasta auðlind BFSÍ. Fjárfesting í mannauð með ráðningu starfsmanna, menntun og þjálfun þeirra er því mikilvægt verkefni sem mun stuðla að uppbyggingu á íþróttinni.

Ásdís Lilja Hafþórsdóttir framkvæmdastjóri tók leyfi seinni hluta árs 2021 og snéri ekki til starfa eftir leyfið. Henni er þakkað fyrir störf sín hjá BFSÍ. Guðmundur formaður tók við sem starfandi framkvæmdastjóri sambandsins þar til stjórn ákveður að ráða aftur í stöðuna. Valgerður Einarisdóttir Hjaltested var ráðin í 80% starf og hóf hún störf í janúar 2022. Hún tekur við flestum af þeim verkefnum sem Ásdís hafði áður sinnt. Starfshlutfall íþróttastjóra var aukið í 50% á árinu í samræmi við aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ og heildarstefnu BFSÍ.



Nýr starfsmaður Valgerður Einar. Hjaltested

Markmið BFSÍ er að læra af reynslu annara sérsambanda og bogfimilandsambanda og að fela starfsmönnum að framkvæma stóran hluta vinnunnar í stað sjálfboðaliða, þar sem það er mögulegt, og fjárfesta í menntun og þróun þeirra. Ljóst er að íþróttahreyfingin er byggð að stærstum hluta á vinnu sjálfboðaliða og eru þeir ein okkar mikilvægasta auðlind. Því er mikilvægt að létta á vinnu sjálfboðaliða þannig að þeir brenni ekki út og hætti.

Innlend samskipti

Fyrsta bogfimiþingi BFSÍ var haldið 13. mars í samræmi við lög sambandsins. Fundargerð þingsins og önnur gögn sem lögð voru fram eru að finna á vefsíðu sambandsins. Þingforseti var Valdimar Leó Friðriksson. Á þinginu var m.a. samþykkt 8 ára afreksstefna BFSÍ, lögð fyrir 4 ára aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ, uppfærð 4 ára heildarstefna BFSÍ auk þess sem ársreikningur BFSÍ fyrir 2020 var samþykktur.



Mynd frá fyrsta Bogfimiþingi BFSÍ

Þingið gekk hratt og vel fyrir sig og var vel sóttur af aðildarfélögum. Albert Ólafsson og Haraldur Gústafsson voru kjörnir til áframhaldandi setu í stjórn til 2025 og Guðmundur Örn Guðjónsson var kjörinn formaður sambandsins til 2023.

Formaður BFSÍ sat íþróttaping ÍSÍ í maí, sem var haldið sem fjarþing vegna kórónuveirufaraldursins, hluta af verkefnum þingsins var frestað til framhalds íþróttapings ÍSÍ sem haldið var í október. Formaður sat einnig formannafund ÍSÍ í desember. Í báðum tilfellum var ástandið tengt kórónuveirufaraldursins mikið til umræðu og fjármál íþróttahreyfingarinnar á þessum óvissu tímum.

Mikið samstarf var milli BFSÍ og ÍSÍ á árinu, sérstaklega í tengslum við Covid-19 mál, reglugerðir og sífelda viðauka og breytingar sem á þeim þurfti að gera eftir því sem ástand heimsfaraldurs þróaðist og samkomubönn breyttust. Stjórn og starfsfólk BFSÍ leitaði einnig ráða til starfsmanna ÍSÍ reglulega í ýmsum málefnum. Samstarf við ÍSÍ hefur gengið vel, það er markmið stjórnar og starfsmanna að halda góðum samskiptum og samstarfi við ÍSÍ í sínum verkefnum. BFSÍ er ungt samband og hefur stuðningur ÍSÍ því verið sérstaklega mikilvægur á þessum upphafsárum sambandsins og fyrir það ber að þakka sérstaklega. Góðu samstarfi var viðhaldið á árinu við Íþróttasambands Fatlaðra (ÍF) í sameiginlegum verkefnum.

BFSÍ hefur verið í reglulegum samskiptum við aðildarfélög sín um margvísleg mál sem hafa komið upp á árinu, bæði til þess að upplýsa aðildarfélögin, aðstoða og leysa tilfallandi mál.

Alþjóðleg samskipti

Heimsþing WA 2021

Heimsþing 2021 var haldið í Yankton Bandaríkjunum í september. Fulltrúi Íslands á þinginu var Haraldur Gústafsson varaformaður BFSÍ. Finnsla bogfimisambandið óskaði eftir því að BFSÍ kæmi fram fyrir hönd Finnlands á þinginu og bæri þeirra atkvæði þar sem þeir sendu ekki fulltrúa á þingið.

BFSÍ er metið í hæsta stigi virkni hjá heimssambandinu (World Archery) og er því með hámarks atkvæðafjölda. 27 af 166 sambandsaðilum WA eru með hæsta atkvæða vægi innan heimssambandsins á heimsþingum eða samtals 4 atkvæði. Hvert landssamband sem er meðlimur að WA fær eitt atkvæði, viðbótar atkvæði byggjast á virkni sambandsaðila síðustu 4 ár þar sem metið er:

Tíðni innlends mótahalds

Tíðni þátttöku á mótum WA

Tíðni þátttöku á heimsþingum



Varaformaður Haraldur Gústafsson fulltrúi Íslands og Finnlands á heimsþingi

Heimssambandið áætlað að setja fleiri þróunar og þátttöku kröfur á sambandsaðila sína í framtíðinni s.s. með því að gera kröfu til þess að landssambönd setji sér heildarstefnu og að þau haldi árleg landsmót. BFSÍ setti sína fyrstu heildarstefnu 2020. Samkvæmt upplýsingum frá heimssambandinu er BFSÍ einnig meðal 39-50 stærstu þjóða eftir fjölda skráðra iðkenda óháð höfðatölu.

Því má segja að þróun BFSÍ sé vel á veg komin miðað við önnur lönd. Þó að þróuninni verði aldrei lokið og margt sem er áætlað að betrumbæta hjá BFSÍ á næstu árum. Það var ánægjulegt að fréttu að við stöndum framarlega í heiminum í okkar íþrótt.

Margar mikilvægar ákvarðanir lágu fyrir þinginu tengt keppnisfyrirkomulagi í íþróttinni en þær voru þó allar felldar eða dregnar til baka og því verður lítil breyting á keppnisfyrirkomulagi í íþróttinni fyrir næstu Ólympíuleika 2024 í París.



Mynd frá WorldArchery af heimsþingi í Yankton Bandaríkjunum

Liðakeppni fatlaðra var breytt í úr þriggja í tveggja manna liðakeppni. Tilgangur þess var m.a. að koma á mótum við minni fjölda keppenda í flokkum fatlaðra og sem prufa fyrir mögulega fækkun í liðakeppni í opnum flokki árið 2025. Slík breyting gæti verið lögð til á heimsþingi 2025 með því markmiði að koma trissuboga flokki inn á Ólympíuleika 2028. WA hefur unnið að því um áratugabil að bæta trissuboga við á Ólympíuleika og útlit er

fyrir að það gæti orðið að veruleika 2028 ef allt gengur eftir. Mögulegt er að sjá umræður á heimsþinginu í heild sinni á [World Archery Communications youtube rásinni](#).

Evrópuþing

Evrópuþingi World Archery Europe (WAE) í maí var frestað og síðan haldið í gegnum fjarfundabúnað í júní. Upprunalega átti að halda þingið árið 2020 en því hafði þegar verið frestað til 2021 vegna frestunar Evrópumeistaramóts (EM) vegna heimsfaraldurs. Mjög óvenjulegt er að bæði heimsþing og Evrópuþing sé haldið á sama árinu. Undarlegt var að EM sem Evrópuþingið er tengt við og haldið á sama stað/tíma var ekki frestað. Formaður BFSÍ bar atkvæði BFSÍ á fjarþing WAE og framkvæmdastjóri BFSÍ sat einnig með á þinginu.



Helstu ákvarðanir á Evrópuþinginu voru að EM innandyrá verður nú haldið árlega í stað tveggja ára fresti. Ástæða þess er helst að heimssambandið hætti að halda Heimsmeistaramót (HM) innandyrá árið 2020. Það var gert að hluta vegna þess að þátttaka á HM innandyrá var að mestu frá Evrópuþjóðum og því árlegt Evrópumeistaramót sett í staðin. Berbogaflokkurinn var einnig bætt við á EM innandyrá og Evrópska bogfimisambandið samþykkti einnig sína fyrstu heildarstefnu á þinginu. Benda má á að þetta gerðist ári eftir að BFSÍ setti sína fyrstu heildarstefnu og er stjórn BFSÍ mjög ánægð með að vera framar í þróun í ákveðnum atriðum en sum alþjóðasambönd.

Norðurlandafundur

Árlegur fundur World Archery Nordic (Norðurlandasambandsins) var haldinn í febrúar 2021. Halda átti fundinn á Íslandi, en vegna kórónuveirufaraldursins var ákveðið að breyta honum í fjarfund.

Framkvæmdastjóri BFSÍ og formaður BFSÍ sátu Norðurlandafundinn fyrir hönd BFSÍ. Guðmundur var valinn bæði sem fundarforseti og fundarritari Norðurlandafundarins. Á þinginu var tekin ákvörðun um að halda Norðurlandameistaramót ungmenna (NUM) með fjarmóta fyrirkomulag vegna kórónuveirufaraldursins. Eitt mót yrði haldið í hverju landi og sameiginleg úrslit myndu gilda sem Norðurlandameistaramót ungmenna 2021. Sú viðbót var gerð við mótið 2021 að bætt var við 21 árs flokki fyrir þá sem misstu af síðasta tækifæri sínu til þess að taka þátt í NUM eftir að 2020 mótinu var aflýst vegna heimsfaraldursins. Á þinginu voru einnig kynntar aðstæður í bogfimi í hverju landi fyrir sig, tengt faraldrinu og almennri þróun íþróttarinnar í hverju landi fyrir sig.



Heimssambandsfundir

Formaður BFSÍ sat mánaðarlega fundi með World Archery á árinu. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum frá heimssambandinu til landssambanda um málefni sem eru í gangi í íþróttinni og fræða samböndin um komandi verkefni, reglubreytingar o.fl.. BFSÍ er meðal virkustu sambanda innan WA í þátttöku á mánaðarlegum upplýsingafundum með þriðju mestu þátttöku af 166 samböndum. Finna má glærur af þessum upplýsingafundunum á [vefsíðu heimssambandsins](#).

Íþróttafólk ársins

Íþróttafólk ársins var valið í samræmi við reglugerð BFSÍ um íþróttafólk ársins. Ekki þurfti að virkja ákvæðið um „ófyrirséð atvik“ í reglugerðinni eins og nauðsynlegt var árið 2020 vegna mikilla raskana vegna kórónuveirufaraldursins á því ári. Þrátt fyrir að mörgum alþjóðlegum mótum hafi verið aflýst eða frestað 2021 var tölfraði talin nægileg, þó að hún væri lítil, til þess að hún væri lögð til grundvallar vali á íþróttafólki ársins 2021.

Íþróttamaður ársins var valinn Oliver Ormar Ingvarsson úr Boganum. Íþróttakona ársins var valin Marín Aníta Hilmarsdóttir úr Boganum.



BFSÍ veitti viðurkenningar þeim keppendum sem stóðu sig best í tölfraði í hverri keppnisgrein.

Þeir sem fengu viðurkenningar ársins voru:

Sveigboga karl ársins: Oliver Ormar Ingvarsson
Sveigboga kona ársins: Marín Aníta Hilmarsdóttir
Trissuboga karl ársins: Albert Ólafsson
Trissuboga kona ársins: Anna María Alfreðsdóttir
Berboga karl ársins: Izaar Arnar Þorsteinsson
Berboga kona ársins: Guðbjörg Reynisdóttir

Bogfimifélagið Boginn
Bogfimifélagið Boginn
Bogfimifélagið Boginn
Íþróttafélagið Akur
Íþróttafélagið Akur
Bogfimifélagið Hrói Höttur

Met og viðurkenningar

116 Íslandsmet voru samþykkt 2021. 38 einstaklings, 74 félagsliða Íslandsmet og 4 landsliðsmet og fjölmargir sem keyptu viðurkenningarskjöl til staðfestingar á afrekum sínum.

Marín Aníta Hilmarsdóttir í Boganum átti ótrúlegt ár. Marín sló samtals 36 Íslandsmet á árinu eða að meðaltali 3 Íslandsmet í mánuði!!! Þetta er án vafa sögulegur árangur sem enginn mun líklega geta leikið eftir. Marín sló 15 einstaklingsmet, 19 félagsliðamet og 2 landsliðsmet. Marín sló, eða átti hlut í, 32% af öllum Íslandsmetum sem slegin voru á árinu. 87% af Íslandsmetum á árinu voru slegin af keppendum úr Boganum.


Tvö einstaklings Íslandsmet voru slegin í opnum flokki á árinu. Í báðum tilfellum var það Marín Aníta í sveigboga kvenna utandyra þar sem hún skoraði 599 stig á World Cup í París og bætti metið svo aftur um tveim vikum síðar á Íslandsmeistarasmóti utanhúss með 616 stig. Lágmark fyrir Ólympíuleika eru 605 og því Marín á góðri leið í átt að þátttökurétti á leikana í París 2024.

Íslandsmet eru takmörkuð þar sem á einhverjum tímamarki er aðeins hægt að slá þau með því að skora fullkomið skor. Dæmi um erfitt met til að bæta er í trissuboga karla en þar er metið 587 af 600 mögulegum stigum, og því aðeins hægt að bæta metið 13 sinnum í viðbót (ef það er bætt um 1 stig í einu) áður en að fullkomnu skori er náð og þar með aldrei hægt að slá það aftur. Fjöldi Íslandsmeta bendir helst til aukningu á getustigi í íþróttinni í heild sinni og hvaða einstaklingar/lið eru að brjóta nýtt blað í afrekssögu íþróttarinnar.

Á heimsbikarmótinu í París 2021 slógu Albert Ólafsson og Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir heimsmetin og Evrópumetin í blandaðri liðakeppni trissuboga 50+, í bæði undankeppni og útsláttarkeppni. Albert og Sveinbjörg áttu öll fjögur metin síðan á heimsbikarmótinu í Berlín 2019. Þau fengu viðurkenningar frá heimssambandinu fyrir afrekin.

Unnið var að því að skapa rafræna Íslandsmetaskrá í mótakerfi sambandsins á árinu en ekki ljóst hvenær eða hvort að slíkt verður tekið í notkun.

Einstaklings Íslandsmet eftir keppanda 2021



Einstaklings Íslandsmet eftir félagi 2021



Íslandsmet Félagsliða eftir félagi 2021



Íslandsmet heild eftir félagi 2021



Reglugerðir, stefnur og skipulag BFSÍ

Stjórn BFSÍ fer reglulega yfir reglugerðir sambandsins til að uppfæra þær í samræmi við þróun, breytinga á áherslum, skýringa og vegna utanaðkomandi breytinga s.s. reglubreytinga hjá WA. Breytingar voru gerðar á um helmingi reglugerða BFSÍ á árinu. Covid-19 reglur BFSÍ voru tíðast uppfærðar á árinu, 14 sinnum samtals. Mögulegt er að finna allar gildar reglugerðir sambandsins ásamt dagsetningum um hvenær þær voru síðast uppfærðar á vefsíðu sambandsins bogfimi.is/log-og-reglur/.

Unnið var að því á árinu að skapa og uppfæra nokkrar stefnur BFSÍ á árinu sem áætlað er að stjórn BFSÍ kynni á árinu 2022 s.s. umhverfisstefnu. Áætlað er að leggja slíkar stefnur fyrir formannafundi og/eða Bogfimiþing í framtíðinni. Gerð og framkvæmd slíkra stefna er einnig liður í góðum stjórnháttum og gagnsæi fyrir sambandsaðila í starfi, markmiðum og verkefnum BFSÍ. Markmið BFSÍ er að vera meðal fremstu sérsambanda á Íslandi og fremstu bogfimi landssambanda í heiminum í slíkum skipulagsmálum, en það mun taka tíma frá því að taka fyrstu skrefin sem nýtt samband að því að verða í allra fremstu röð.

Heildarstefna BFSÍ

Heildarstefna BFSÍ til fjögurra ára var kynnt á Bogfimiþingi 2021 þar sem megin markmið sambandsins er sambærilegt því sem ritað er í stefnu heimssambandsins „*að allir hafi tækifæri til þess að stunda, taka þátt í og hafa gaman af bogfimi íþróttum*“. Heildarstefnu BFSÍ er að finna á vefsíðu sambandsins bogfimi.is

Afreksstefna BFSÍ

Afreksstefna BFSÍ til átta ára var samþykkt á fyrsta Bogfimiþingi BFSÍ 2021. Afreksstefna BFSÍ er rammi fyrir BFSÍ um hvernig afreksstarfi sambandsins skuli háttað. Stefnan er talin metnaðarsöm og fullnægir kröfum sem sett eru til A/Afrekssérsambanda hjá Afrekssjóði ÍSÍ, þó að mörgu öðru þurfi að vinna að til þess að BFSÍ sé tilbúið að setja sig á bekk meðal 9 efstu sérsambanda á Íslandi sem metin eru sem A/Afrekssérsambönd. En afreksstefnan er grunnur að því ferli að vinna sig í átt að því endanlega markmiði.


Persónuverndarstefna BFSÍ

BFSÍ setti persónuverndarstefnu sína í apríl á árinu hana er að finna á vefsíðu sambandsins. BFSÍ barst ein beiðni perónuupplýsingar í vörslu BFSÍ á grundvelli persónuverndarlaga á árinu og var unnið úr henni í samræmi við persónuverndarstefnu BFSÍ. Ekki er vitað til þess að annað sérsamband innan ÍSÍ hafi fengið á sig slíka beiðni. Leitað var aðstoðar starfsfólks ÍSÍ við úrvinnslu beiðninnar, þar sem ÍSÍ hafði einnig þurft að bregðast við einni slíkri beiðni.

Frammistöðumat góðra stjórnháttanna - National Sports Government Observer (NSGO)

BFSÍ stóð sig vel miðað við önnur Íslensk sérsambönd í frammistöðumati ÍSÍ og allra sérsambanda ÍSÍ og tengt góðum stjórnháttum. BFSÍ var aðeins um 14 mánaða gamalt sérsamband þegar að frammistöðumatið var gert og ánægjulegt að sjá að við lentum í 10-12 sæti af 34 sérsamböndum innan ÍSÍ þrátt fyrir ungann aldur.

Frammistöðumatið mælir starfsvenjur og stjórnarhætti íþróttasérsambanda. Rannsaðar voru 274 vísbendingar um góða stjórnunarhætti sem meta framkvæmd 46 meginreglna um góða stjórnarhætti sem falla undir fjóra flokka: gagnsæi, lýðræði, innri ábyrgð og eftirlit, og samfélagslega ábyrgð. Meginmarkmið verkefnisins er að aðstoða og hvetja sérsambönd í íþróttum til þess að þróa stjórnarhætti sína og byggja upp kunnáttu um góða stjórnarhætti með því að meta stjórnarhætti sem eru til staðar nú þegar.






Mynd af iðkendum í Norðurlanda fjarbúðum mars 2021

Á árinu var unnið að undirbúningi útbreiðsluverkefna á grundvelli þess sem fram kemur í heildarstefnu BFSÍ sem lögð var fram á bogfimiþingi 2021: „land þar sem allir hafa tækifæri til að stunda, taka þátt í og hafa gaman af bogfimiþróttum“. Áætlað er að prófa ferlið á næstu árum og aðlaga það eftir reynslu sem skapast jafnóðum. Áætlað er að ganga til verks þegar kórónuveirufaraldurinn hefur hjaðnað. Þegar einhverjir sýna áhuga á að stofna bogfimideild/félag er BFSÍ ávallt reiðubúið til stuðnings slíks frumkvæðis. „Íþróttir fyrir alla“ er atriði sem hefur verið vel sinnt á Íslandi af fyrirtækjum eins og Bogfimisetrinu þar sem almenningi býðst allt árið að kynna, taka þátt í og hafa gaman af bogfimi, á auðveldan og aðgengilegan máta, sér til heilsuefingar og/eða dægradvalar. Hægt er að rekja meiri hluta af vexti í íþróttinni til þess að auðvelt aðgengi var í slíkri grasrót að því að kynna og prófa íþróttina.

Bogfimifélagið Boginn í Kópavogi er stærsta aðildarfélag BFSÍ og BFSÍ fékk það staðfest á árinu að Boginn er stærsta bogfimifélag á Norðurlöndum eftir iðkenda fjölda og keppenda fjölda. Rúmlega helmingur iðkenda innan BFSÍ er í Boganum og því einnig stærsti hluti tekna BFSÍ. Það sýnir sig einnig í þátttöku, fjölda meta, titla og annarrar tölfræði. Flest bogfimifélög í heiminum eru almennt um 20-150 iðkendur sem er meira í samræmi við flest önnur félög innan BFSÍ. Stærsta félag í Danmörku er 155 iðkendur og samtals voru 2434 iðkendur skráðir í Danska Bogfimisambandið 2021.² BFSÍ er því framarlega í þessum málum á heimsvísu, en mikil uppbygging er fyrir stafni og margt sem þarf að bæta.



Iðkendur

Fjöldi iðkenda í heild jókst um 11% á árinu 2021, en miklar breytingar voru á aldursdreifingu iðkenda innan BFSÍ.

Fullorðnum iðkendum fækkaði töluvert á árinu og er líklegt að kórónuveirufaraldur sé helsta ástæða þess. Vonast er til að margir þeirra iðkenda og áhugamanna snúi aftur þegar að faraldrinum lýkur og meira jafnvægi kemst á daglegt líf.


Gífurleg aukning var í fjölda yngri iðkenda 20 ára og yngri. Aukninguna er að miklu leiti vegna þess að fjölmennasta aðildarfélagið færði starfsemi sína í Nóra 2020 og endurspeglar það betur rauntölur.

Sjá má á töflunum hér til hliðar að aukning iðkenda hefur verið nokkuð stöðug á síðasta áratug en staðnaði þó á fyrsta Covid árinu 2020.


Stöðnunina er þó að mestu sjáanleg í fjölda ungmenna en ekki í heildar fjölda töflunni. Það er vegna mistaka í skráningum Skotíþróttafélags Ísafjarðar árið 2019 sem skráði alla iðkendur í félaginu óháð íþrótt í bogfimi. Því margir fullorðnir iðkendur sem bættust óvænt við. Það var leiðrétt á árinu 2020.

Mun fleiri karlar eru en konur í iðkendum, en það jafnast út þegar horft er til þátttöku í mótum. Í afreksstarfi eru nú fleiri konur en karlar og útlit fyrir að svo muni vera til lengri tíma m.v. kynjahlutfall í hæfileikamótun.


Iðkendur í bogfimi (heild)



Iðkendur í bogfimi (20 ára og yngri)



Iðkendur í bogfimi (21 árs og eldri)



dyra frestað frá byrjun árs til lok árs og komu því mörg ný myndskreið inn á rásina í nóvember.

Önnur útbreiðslu og fræðslu verkefni

Vegna kórónuveirufaraldursins var áherslan sett á innri þróun og stuðning við núverandi aðildarfélög. BFSÍ mun taka virkan þátt í útbreiðsluverkefnum í framtíðinni með aðilum innan sambandsins og eiga frumkvæði að slíkum viðburðum þegar lengra er lítið.

Mótakerfi BFSÍ

Mótakerfi BFSÍ var tekið í notkun á árinu 2021 mot.bogfimi.is. Þar er meðal annars mögulegt að sjá viðburðarlista, úrslit úr innlendum mótum, keppendaskrá og tölfræði um keppendur og þátttöku í bogfimi á Íslandi. Vinna við aðlögun og innleiðingu kerfisins hófst í byrjun 2021. Grunnur kerfisins var upprunalega gerður fyrir Sænska bogfimisambandið á árinu 2016. Sænska bogfimisambandið bauð svo öðrum Norðurlöndum að taka þátt í sameiginlegri þróun kerfisins á árinu 2019. Miklar úrbætur voru gerðar á kerfinu að frumkvæði íþróttastjóra BFSÍ og gagnast þessar breytingar einnig Svíþjóð og Noregi (sem var að setja upp sitt kerfi á sama tíma). Umræddar breytingar bættu virkni kerfisins til muna. Áframhaldandi þróun á kerfinu verður sameiginleg milli Svíþjóðar, Noregs og Íslands. Byrjað er að þróa metagagnagrunn sem mun koma með síðari uppfærslum á kerfinu, en ekki er mikill ási á því að þróa kerfið þar sem horft er á þetta sem langtíma verkefni sem mun fylgja sambandinu til frambúðar.

Ianseo

Til þess að bæta fjarmótahald á Íslandi var settur upp þjónn á vefsíðu sambandsins til að keyra Ianseo fjarþjón. Sem áætlað er meðal annars að nota fyrir ungmennadeild BFSÍ, til stuðnings við minni aðildarfélög í mótahaldi tengt mótaþjónustu BFSÍ og auðvelda mótahald á stöðum þar sem ekki er rafmagn til staðar en möguleiki á netsambandi í gegnum farsímakerfið s.s. eins og á Íslandsmótum í víðavangsbogfimi.



Unnið var að þýðingu á ianseo, (úrslitabirtingakerfi heimssambandsins), yfir á Íslensku, tengingu við móta-kerfi BFSÍ var bætt við og sniðmát Íslenskra móta í kerfinu var uppfært fimm sinnum á árinu. Vert er að nefna að aðeins 17 sniðmát eru til sem staðlaður hluti af ianseo úrslitabirtingakerfinu, fjögur þeirra eru alþjóða sambönd (s.s. World Archery og International Paralympic Committee) og 13 eru landssambönd. Því má telja merkilegt að BFSÍ, eins ungt og sambandið er, sé meðal fremstu þjóða í þróun gagnvart stafrænu móta skipulagi og úrslitabirtingu.

Mótaþjónusta BFSÍ

Á árinu gerði BFSÍ tilraun með að bjóða upp þjónustu fyrir aðildarfélög að halda mót fyrir þeirra hönd. Þetta fyrirkomulag einfaldar sérstaklega nýjum og minni aðildarfélögum BFSÍ að koma upp reglubundnu mótahaldi á sínum svæðum. Sambærilegt fyrirkomulag er til staðar í sumum stærri landssamböndum s.s. Ítalíu, þar sem landssambandið bíður aðildarfélögum upp á að halda mót fyrir félögin og deila þátttökugjöldum á slíkum viðburðum á milli sín. Það hefur sýnt sig að vera lausn sem mörg félög vilja frekar þ.e. að fá sérfræðinga í skorskráningar kerfum og mótaskipulagi til þess að skipuleggja og halda mót í samstarfi við aðildarfélögin. Samlíkingin sem notuð hefur verið er BFSÍ er „heilinn“ (tæknileg atriði) og íþróttafélagið er „líkaminn“ (sjá um uppsetningu vallar og dómara), frekar en að mennta eigin sérfræðinga. Mót á vegum alþjóðasambanda eru haldin með sambærilegu fyrirkomulagi í samstarfi við landssambönd. Þrjú slík mót voru haldin á árinu og áætlað er að halda áfram að bjóða upp á þjónustuna í framtíðinni ef aðildarfélög BFSÍ eru ánægð með að hafa aðgengi að slíkri þjónustu.

Önnur verkefni

Þó að BFSÍ hafi ekki sett sér það markmið á árinu að eiga frumkvæði að nýjum útbreiðslu og fræðsluverkefnum á árinu, vegna faraldursins, bárust nokkur verkefni á borð starfsmanna BFSÍ sem var tekið á á árinu. Mörg innri verkefni í þróun sambandsins tengdust einnig útbreiðslu og fræðslu S.s.:

- BFSÍ veitti Hnefaleikasambandi Íslands aðstoð við að bæta sýnileika sinn á sínum viðburðum með því að aðstoða við livestream af viðburðum þeirra. Oliver Ormar Ingvarsson fyrsti varamaður BFSÍ og formaður Bogfimisfélagsins Bogans kom einnig á samstarfi við Uppkast streymisveitu fyrir HNÍ, en Oliver starfar þar í dag.
- BFSÍ aðstoðaði Írland við að bæta sýnileika sinn á sínum viðburðum og að aðstoða sín félög í sýningu frá þeirra viðburðum. Áætlað var að íþróttastjóri BFSÍ myndi aðstoða við streymi af fyrsta viðburðinum á Írlandi í september 2021 en því var frestað vegna ástands kórónuveirufaraldursins í landinu.
- BFSÍ hóf á árinu samræður við íþróttafélag stúdenta til þess að stuðla að því að Íslenskir keppendur hafi möguleika á því að taka þátt á hásskóla-leikunum Universiade. En um langt skeið hefur Ísland ekki tekið þátt í þeim leikum. BFSÍ bauð fram sína aðstoða við skipulag og hald slíkra móta til stuðnings við íþróttafélag stúdenta, en þeir hafa tjáð að þeir ætli ekki að senda eða heimila keppendum þátttöku á leikunum á næstunni. Áætlað er að halda áfram með vinnu tengt því á árinu 2022, mögulega með samstarfi við fleiri sérsambönd.
- BFSÍ hélt áfram viðræðum við International Schools Federation (ISF) sem sér um hald heimsleika framhaldsskóla Gymnasiade. Ísland er ekki aðili að ISF þar sem engin íþróttasamtök eru á Íslandi fyrir framhaldsskóla og unnið var að lausnum í samstarfi við ISF að leyfa þátttöku Íslenskra ungmenna í bogfimi þrátt fyrir að Ísland sé ekki aðili að samtökunum. Sú vinna mun halda áfram á næsta ári og vonast er til þess að fyrstu keppendur í bogfimi geti tekið þátt í Gymnasiade á árinu 2022 í Normandý Frakklandi (ef Covid leyfir) og verði hluti af hæfileikamótun/U18 landsliðsverkefnum í framtíðinni.
- Lagabreytingar frumvarp, til þess að stuðla auðveldari þátttöku ungmenna í bogfimi, var lagt fram á Alþingi af Björn Leví Gunnarssyni ásamt meðflutningsmönnum (málsnúmer 386 Alþingi 2020-2021). Við gerð frumvarpsins var haft samstarf við formann BFSÍ. Frumvarpið fékk stuðnings menn úr öllum stjórnmalaflokkum og ánægjulegt að sjá að almenn sátt er um þetta málefni, þar sem sjaldan er að allir stjórnmalaflokkar séu sammála um eitt mál efni. Eftir 1 umræðu í febrúar 2021 vísaði Alþingi málinu til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis en ekki tókst að afgreiða þetta frumvarp fyrir þinglok og kosningar. Þegar þetta er skrifað hefur frumvarpið ekki verið lagt aftur fyrir Alþingi á núverandi þingi.
- Ungmennadeild BFSÍ var sett á lagnirnar 2020 með því markmiði að kynna keppni fyrir yngri iðkendum einkum með tilkomu U14 flokks. Deildin er með fjarmóta sniði og því sérstaklega hentug minni félögum utan höfuðborgarsvæðisins, og vettvangur fyrir yngri keppendur á minni svæðum til þess að geta keppt reglubundið við/með jafnöldrum sínum án viðbótar kostnaðar vegna ferðalaga innanlands og minni



gróðurhúsa áhrifa vegna ferðalaga. Þróun deildarinnar hélt áfram á árinu s.s. með viðbót á skráningum í gegnum lanseo skorskráninga fjarþjón. Þetta er einnig gert til að stuðla að því að aðildarfélög BFSÍ geti haldið innanfélagsmót ungmenna mánaðarlega sem hluta af Ungmennadeildinni og þurfi aðeins dómara og svæði til þess að halda slíkt með lágmarks fyrirhöfn.

- Grunnur var lagður á árinu að áhugamannaflokkum á mótum innanlands. Meðal annars vegna þess að erfiðleika stig íþróttarinnar utandyra er mjög hátt þar sem skotið er á mun lengri fjarlægðum heldur en gert er innandyra. Með þessu móti er áætlað að hægt verði að virkja fleiri iðkendur í reglubundinni þátttöku á mótum á erfiðleika stigi sem hentar betur almennum iðkendum. Áætlað er að bæta áhugamannaflokkum við á Íslandsmeistaramótum 2022. Markmiðið er einnig að auðvelda nýjum iðkendum og aðildarfélögum sem eru í þróun að hefja þátttöku á Íslandsmeistaramótum. Verðlaun fyrir áhugamannaflokk eru veitt af handahófi til þátttakenda í flokknum og engin formlega met, titlar eða útsláttarkeppni verða fyrir áhugamannaflokk, þar sem markmið flokksins er þátttaka og gaman meira en árangur og afrek. Áhugamannaflokkar keppa á sömu fjarlægðum og U16 flokkur innandyra og utandyra.
- Áhugi barst um stofnun deilda frá ýmsum landshornum og var íþróttin kynnt fyrir viðeigandi aðilum í samstarfi við Bogfimisetrið.
- Mikið kapp var lagt í að helstu upplýsingar sem aðildarfélög, þjálfarar, dómarar, iðkendur og aðrir þátttakendur þurfa að hafa aðgengi að séu skýrar og auðaðgengilegar á vefsíðu sambandsins.
- Unnið var að því á árinu að greiða fyrir ferli trans fólks til þátttöku á alþjóðlegum mótum. Það féllst m.a. í samstarfi við heimssambandið um breytingar í skráningar kerfi heimssambandsins WAREOS (WorldArcheryRegistration&EntryOnlineSystem). Það var svo kynnt á næsta mánaðarlega upplýsinga fundi sambandsaðila WA um hvernig landssambönd gætu farið að slíkum breytingum hjá íþróttafólki innan sinna raða. Starfsfólk heimssambandsins hefur sagt að mjög fá mál tengt Trans einstaklingum hafi borist til WorldArchery.
- Mörgum minni útbreiðslu og fræðslumálum var einnig miðlað til aðildarfélagana á árinu s.s. þjálfara-menntun ÍSÍ, World Academy of Sports o.s.frv..



Bakviðsmynd frá Íslandsmóti Ungmenna

MÓT


Samtals voru 32 metahæf mót haldin á árinu 2021. Það telst mjög gott miðað við mikil áhrif kórónuveirufaraldursins á mótahald í öðrum löndum. Til samanburðar voru fleiri mót haldin á Íslandi en í nágrannaríkjum eins og Danmörku, Finnlandi, Noregi og Írlandi. Meirihluti móta voru haldin af Bogfimisambandi Íslands í samstarfi við aðildarfélögin og það er því töluvert álag á starfsfólki BFSÍ í skipulagi.

Öll mót ársins voru birt í alþjóðlega skorkerfinu I@anseo og eru úrslit úr þeim mótum aðgengileg á heimasíðu kerfisins [ianseo.net](https://anseo.net).


Mótakerfi BFSÍ var tekið í notkun á árinu, en það er byggt að miklum hluta á Sænska mótakerfinu og gert í samstarfi við einstaklinginn sem forritaði kerfið, með leyfi frá Sænska bogfimisambandinu. Mun auðveldara er að fylgjast með tölfræði í íþróttinni tengt mótapátttöku með upplýsingum úr kerfinu.

Konur eru aðeins 25% skráðra iðkenda í bogfimi. En kynjahlutföllin jafnast út þegar horft er til mótapátttöku innanlands þar sem kynjahlutfall í fjölda skráninga og fjölda keppenda er nokkuð jafnt.


Mögulegt er að finna ítarlegar fréttir um Íslandsmót ársins ár archery.is og bein streymi og úrslit allra Íslandsmóta ársins á [Archery TV Iceland youtube rásinni](https://www.youtube.com/channel/UCqWz8v8v8v8v8v8v8v8v8v8).




Skráningar á mót eftir bogaflokki




Skráningar á mót eftir íþróttagrein



Íslandsmeistaratitlar eftir aðildarfélagi 2021



Skráningar á mót eftir aðildarfélagi



Íslandsmót BFSÍ

Átta Íslandsmót voru haldin á árinu, fjögur innandyra, þrjú utandyra og eitt á víðavangi. 2018 og fyrr voru aðeins tvö Íslandsmót. Þessi aukning á fjölda Íslandsmóta er að miklu leiti vegna skiptingu Íslandsmóta eftir aldursflokkum sem hófst 2019. Það er nauðsynlegt bæði vegna fjölgunar iðkenda, svo að auðveldara sé að koma Íslandsmótum fyrir í núverandi aðstöðum, til að stytta tíma hvers móts til að koma fyrir sjónvörpuðum úrslitum á hverju móti og til þess að gefa rúm fyrir alþjóðlega hluta mótana. Endanlega markmiðið er að skipta öllum aldursflokkum í sér Íslandsmót, en það verður gert í samræmi við aukningu þátttakenda í íþróttinni.


81 Íslandsmeistararitill var veittur á árinu í fimm aldursflokkum, 3 boga flokkum, 3 íþróttagreinum og tveim kynjum. Sem er töluverð aukning frá fyrri árum. Það er að miklu leiti til komið vegna viðbótar félagsliðakeppni.

Haraldur Gústafsson Skaust, Marín Aníta Hilmarsdóttir Boginn. Núi Barkarsson Boginn, Izzar Arnar Þorsteinsson Akur, og Guðbjörg Reynisdóttir Hrói unnu bæði titlana í opnum flokki utandyra og innandyra á árinu.

Bogfimisfélagið Boginn tók flesta titla á árinu, en það er í samræmi við að félagið er stærst og með mesta þátttöku í íþróttinni. Skotfélag Austurlands tók flesta titla miðað við höfðatölu og Skaust var einnig með flestar skráningar á mót miðað við höfðatölu bæjarfélags.

Íslandsmót innandyra átti að halda í febrúar/mars en ákveðið var að færa þau til október/nóvember. Bólusetningar vegna Covid voru að hefjast á þeim tíma og því talið öruggara að halda mótin síðar á árinu. Sú ákvörðun kom sér vel, daginn sem halda átti Íslandsmeistaramót í opnum flokki í mars var samkomubann sett, sem hefði komið í veg fyrir hald mótsins.

Þátttaka á Íslandsmótum var á hraðri uppleið fyrir kórónuveirufaraldurinn. En ljóst er að byrjað er að finna fyrir langtíma áhrifum faraldursins. Þó að mikið hafi bæst við að yngri iðkendum eru flestir þeirra ekki komnir á það stig að keppa á Íslandsmótum ungmenna.




Íslandsmeistaramót

Innandyra

Íslandsmeistaramót innandyra var haldið í Bogfimisetrinu í Reykjavík í nóvember. Mótið gekk vel fyrir sig og var einnig skráð sem hluti af World Archery Indoor World Series Open heimsmótaröðinni. Mögulegt er að sjá frekari upplýsingar um mótið á ianseo.net og í fréttagreinum á archery.is.

Eftirfarandi unnu Íslandsmeistaratitla

- Haraldur Gústafsson Skaust
- Nói Barkarson Boginn
- Izaar Arnar Þorsteinsson Akur
- Marín Aníta Hilmarsdóttir Boginn
- Helga Kolbrún Magnúsdóttir Hrói
- Guðbjörg Reynisdóttir Hrói



Mynd af draugaör á Íslandsmeistaramótinu

Utandyra

Íslandsmeistaramót utandyra var haldið í júlí á Hamranesvelli í Hafnarfirði í mjög góðu veðri. Marín Aníta Hilmarsdóttir sýndi frábæra frammistöðu á mótin og sló eina Íslandsmetið í opnum flokki (fullorðinna) á árinu á mótinu sem skorið 616, sem er vel yfir lágmörkum á Ólympíuleika. Gull úrslit sveigboga karla endaði í tvöföldum bráðabana sem er mjög sjaldgæft.

Eftirfarandi unnu Íslandsmeistaratitla

- Haraldur Gústafsson Skaust
- Nói Barkarson Boginn
- Izaar Arnar Þorsteinsson Akur
- Marín Aníta Hilmarsdóttir Boginn
- Ewa Ploszaj Boginn
- Guðbjörg Reynisdóttir Hrói



Yfirlitsmynd yfir fyrri holli á seinni degi Íslandsmeistaramótsins

Víðavangsbogfimi

Fyrsta Íslandsmót BFSÍ í víðavangsbogfimi var haldið á árinu. Lítil þátttaka var á mótinu en áætlað er að halda mótið árlega þrátt fyrir litla þátttöku. Þróun víðavangsbogfimi hérlandis hefur dregist á eftir getu okkar besta íþróttafólksins í greininni. Tvö aðildarfélög BFSÍ sýndu áhuga á því að halda slík mót í framtíðinni. Víðavangsbogfimi er mjög frábrugðin markbogfimi og höfðar til annars markhóps keppenda, og því er vel vert að halda þróun mótana áfram til að víkka úrval iðkenda.

Eftirfarandi unnu Íslandsmeistaratitla

- Astrid Daxböck Boginn
- Izaar Arnar Þorsteinsson Akur
- Guðbjörg Reynisdóttir Hrói



Örin hjá Guðbjörgu á flugi á Íslandsmeistaramóti á víðavangi

Íslandsmót Ungmenna

Íslandsmót Ungmenna Innandyr

Íslandsmóti ungmenna innandyr var haldið í Bogfimisetrinu í tvennu lagi sömu helgi í október. Íslandsmót U16/U18 á laugardegi og Íslandsmót U21 á sunnudegi. Þátttaka á mótunum var minni en árið 2020, en þó var mun meira um mjög unga þátttakendur í U16 flokki en hefur áður tíðkast. Óformleg útsláttarkeppni haldin milli efsta karls og efstu konu á Íslandsmóti U21 sem var mjög vinsæl.



Mynd af hluta keppenda á Íslandsmóti U16/U18

18 Íslandsmeistaratitlar einstaklinga og 24 Íslandsmeistaratitlar félagsliða eru í boði á Íslandsmótum ungmenna og of langt að lista þá alla upp sérstaklega hér. Mögulegt er að finna úrslit mótana í mótakerfi BFSÍ og á tengdri úrslitasíðu niðurstöðu kerfisins ianseo.net, ásamt fréttum um mótið á archery.is.

Íslandsmót Ungmenna Utandyr

Íslandsmót ungmenna utandyr var haldið í Hafnarfirði í júlí. Venjan er að Íslandsmót ungmenna utandyr og Íslandsmót öldunga utandyr sé haldið sömu helgi, en þar sem Norðurlandameistaramót Ungmenna var fært í fjarmóta fyrirkomulag og haldið á einum degi var ákveðið að halda Íslandsmót ungmenna sömu helgi og halda Íslandsmót öldunga aðra helgi. Það sparar einnig ferðakostnað fyrir aðildarfélög á landinu og því var þátttaka á mótinu góð. Íslandsmót U21 var einnig í fyrsta sinn sem útsláttarkeppni var í boði í félagsliðakeppni á ungmennamóti og fjölmörg Íslandsmet voru slegin.



Keppendur að sækja og skora örvar á Íslandsmóti ungmenna

Íslandsmót Öldunga

Íslandsmót Öldunga Innandyr

Íslandsmót öldunga innandyr var fyrsta mót í Indoor World Series mótaröð WorldArchery og einn breskur þátttakandi tók þátt á mótinu þrátt fyrir Covid. Mótið gekk vel en þó var aðeins minni þátttaka en á árinu 2020, 6 af 11 aðildarfélögum sendu keppendur á mótið.



Kristján og Ingólfur í undanúrslitum á Íslandsmóti Öldunga

Íslandsmót öldunga innandyr var haldið með nýju fyrirkomulag í samræmi við það sem gert var í fyrsta sinn á Íslandsmót öldunga utandyr 2020, þar sem bætt var við 30+, 40+, 60+ og 70+ flokkum. Það er einnig staðlinn á Heims- og Evrópuleikum öldunga (World/European Master Games). Ekki eru gefnir formlegir Íslandsmeistaratitlar eða Íslandsmet fyrir þessa viðbótar flokka að svo stöddu í samræmi við reglur heimssambandsins þar sem öldunga flokkur er skilgreindur sem 50+ flokkur. Eftir undankeppni eru 50+/60+/70+ flokkar sameinaðir í eina útsláttarkeppni og er sigurvegari hennar Íslandsmeistari öldunga.

Langboga í Opnum flokki var bætt við óformlega á mótinu til þess að greina áhuga og þátttökufjölda í þeirri keppnisgrein. Áætlað er að bæta við langboga flokki á öðrum mótum í framtíðinni til prufu.

Aldursforseti mótsins var Sveinn Sveinbjörnsson 76 ára en hann var einnig að taka þátt í sínu fyrsta íþróttamóti.

Íslandsmót Öldunga Utandyra

Íslandsmót öldunga utandyra var haldið í Hafnarfirði. Þátttaka á mótinu var mun minni en fyrri ár og ekki var sýnt beint frá mótinu vegna þess að starfsfólk sem hefur séð um úrslit og beinar útsendingar á mótum, var í sóttkví.

Aldursforseti mótsins var Gunnar Þór Jónsson 74 ára sem er hér á myndinni til hliðar í drengskaplegum útslætti í undanúrslitum.



Feðgarnir Rúnar og Gunnar í undanúrslitum á Íslandsmóti Öldunga

Önnur mót BFSÍ

Ungmennadeild BFSÍ var sett á laggirnar í ágúst 2020 til þess að fylla í skort á þátttökumöguleikum ungmenna á mótum í sínum aldursflokkum. Ungmennadeildin er mánaðarleg fjarmótaröð innandyra sem haldin er af BFSÍ og er byggð upp á þann veg að stuðla að þróun mótahalds innan aðildarfélaga BFSÍ með stuðningi frá starfsfólki BFSÍ. Líklegt er að haldið verði áfram með deildina á komandi árum til þess að hvetja iðkendur félaga til þátttöku í mótum og gefa þeim möguleikann á fyrstu kynni af móti í heimabyggð. Verið er að íhuga mögulegar viðbætur við deildina. Góð þátttaka hefur verið í deildinni miðað við að þetta er fyrsta fulla ár deildarinnar.

Sumarbikar BFSÍ var nýtt mót sem sett var upp á árinu, þar sem konur og karlar keppa saman í flokki í útsláttarkeppni utandyra. Óljóst er hvort að haldið verður áfram með Sumarbikar BFSÍ. En mót þar sem konur og karlar keppa saman eru reglubundin í íþróttinni.

Indoor World Series

World Archery Indoor World Series skarast á áramót og því var eitt fyrirkomulag í byrjun árs 2021 (2020-2021 season) og annað við lok árs 2021 (2021-2022 season).

IWS 2020-2021

Ísland var með meiri þátttöku en flestar Norðurlandabjóðir í mótaröðinni. En miklar og síbreytilegar samkomutakmarkanir voru í öllum löndum á tímabili mótaráðarinnar sem höfðu mikil áhrif á þátttöku á heimsvísu. Trissuboga lið BF Bogans endaði í 9 sæti í félagsliðakeppni mótaráðarinnar. IWS var breytt í fyrsta sinn í fjarmótaröð vegna kórónuveirufaraldursins 2020.



Vegna mikils áhuga og mikillar þátttöku í mótaröðinni áætla WA að halda áfram með þróun IWS í slíku fyrirkomulagi. Þó mun það breytast mikið á næstu árum á meðan að verið er að finna heppilegustu lausnina fyrir slíku fjarmóta fyrirkomulagi.


Þetta nýja fyrirkomulag hefur því áhrif á marga þætti s.s. gífurlega aukningu á þátttöku í C landsliðsverkefnum í tölfraði þegar slík mót eru haldin á Íslandi og kostnaður tengdur þátttöku er lítill. Enginn lokakeppni, úrslit eða verðlaun eru á IWS og því bjargar það tölfraðina lítillega í þeim þáttum. IWS getur talist til C lands-

liðsverkefna eins og á við um slík mót þegar þau eru haldin erlendis. Sum B og flest C landsliðsverkefni er oft erfitt að flokka, þar sem oft er bæði leyfileg þátttaka einstaklinga í landsliðum og í félagsliðum á sama móti, s.s. Evrópubikarmótum, Veronicas Cup og IWS.

IWS 2021-2022

Nýtt fyrirkomulag mótana kynnt og opnað fyrir umsóknir heimsmetahæfra landsmóta sambandsaðila í „Open“ hluta mótaraðarinnar, ásamt tengdum „Open Ranking“ heimslista innandyra. Engin lokakeppni, úrslit eða verðlaun eru fyrir hvert mót í mótaroðinni og aðeins gefin stig á tengdum heimslista fyrir þrjú bestu skor á mótum í mótaroðinni.

Ísland var fyrsta landið í heiminum sem fékk mót samþykkt sem hluta af opna hluta IWS, en það voru Íslandsmót öldunga og Íslandsmeistaramót innanhúss sem haldin voru í nóvember á árinu. Ísland var meðal iðnustu mótshaldara í tengslum við IWS. 19 mót voru haldin í nóvember og desember í heiminum sem tengd voru við IWS árið 2021-2022, um 20% af þeim voru haldin á Íslandi (4 af 19). BFSÍ studdi einnig við Skotfélag Austurlands í að setja upp, skipuleggja og tengja Egilsstaðir Indoor mótið við IWS. Íslandsmót ungmenna 2022 og tvö önnur mót hafa verið skipulögð í janúar 2022 sem tengd hafa voru við IWS.



Astrid Daxböck með fullkomna umferð á IWS

Staða Open Ranking heimslista IWS við lok ársins 2021 var hreint ótrúleg og Íslendingar voru í fyrsta sæti í 4 af 6 flokkum. Haraldur Gústafsson í sveigboga karla, Guðný Gréta Eypórsdóttir í sveigboga kvenna, Þorsteinn Halldórsson í trissuboga karla og Astrid Daxböck í trissuboga kvenna. Þó er mótaroðinni langt frá lokið og áætlað að um 20 mót til viðbótar verði haldin tengt IWS í janúar og febrúar 2022 á heimsvísu. Líklegt telst þó miðað við stöðuna að nokkrir Íslendingar muni enda í 10 efstu sætum á heimslista IWS þegar mótaroðinni lýkur í byrjun febrúar 2022. Hægt er að rekja það að miklu leiti til þess hve iðnið starfsfólk BFSÍ hefur verið í að skipuleggja mót og tengja þau við IWS á vegum heimssambandsins.

Önnur mót

BFSÍ hélt þrjú mót á árinu fyrir hönd aðildarfélaganna sem óskuðu eftir því í gegnum mótaþjónustu BFSÍ. Opna Akureyrarmótið og tvö mót í Stóra Núps mótaroðinni, en upprunalega áttu þau að vera þrjú en ákveðið var að aflýsa júní mótinu á Stóra Núpi vegna kórónuveirufaraldursins.

IceCup mótaroðin var ekki endurvakin af mótshöldurum á árinu vegna kórónuveirufaraldursins. Verið er að skoða möguleika á því að BFSÍ eigi frumkvæði að reglubundinni landsbikarmótaröð fullorðinna. Bæði heimsambandið og Evrópusambandið halda slíkar bikarmótaraðir og það er algengt í öðrum íþróttum á Íslandi.



AFREKSSTARF

Frá HM ungmenna í Póllandi


Afrekssjóður ÍSÍ er stærsti styrktaraðili BFSÍ í afreksstarfi. Í desember 2021 fékk BFSÍ tilkynningu þess efnis að Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) hafi verið fært úr flokki C/Þróunarsársambanda í flokk B/alþjóðlegra sársambanda í flokkun Afrekssjóðs ÍSÍ. Þetta er stórt skref í þróun BFSÍ ásamt því að vera mikil viðurkenning á starfi, umgjörð og árangri BFSÍ. Með þessari flokkun aukast möguleikar BFSÍ næstum fjórfalt til umsókna um fjármagn úr sjóðnum árlega. En að sama skapi aukast kröfur til afreksstarfs BFSÍ til muna.

Mikið fannst fyrir áhrifum kórónuveirufaraldursins í afreksstarfi á árinu. Ljóst þykir að áhrif faraldursins séu komin til að vera um árabíl og hann mun einnig hafa áhrif á afreksstarf 2022 en vonandi í minna mæli en á árunum 2020 og 2021 þar sem mest eða allt afreksstarf lá niðri.


Mót sem urðu fyrir mikilli röskun 2021:

- EM Innandrya Slóveníu febrúar. Aflýst.
- EM Innandrya U21 Slóveníu febrúar. Aflýst
- Emerald Isle Cup Írlandi júní. Aflýst.
- EM víðavangi Króatía september. Tveir voru áætlaðir til þátttöku en hættu við vegna Covid.
- EM utandrya Tyrklandi maí. Útlit var fyrir að mótinu yrði aflýst og því allir nema einn sem hættu við þátttöku.
- HM ungmenna Ástralía október. Móti aflýst. Mótið var því fært til Póllands í Ágúst.
- Evrópubikarmót ungmenna Rúmenía. Flestir hættu við vegna Covid. Aðrir settu miðið á HM Ungmenna í staðin.

Skráningar í A landsliðsverkefni samtals



Skráningar í B landsliðsverkefni samtals



Starfsmenn í afreksstarfi

Stjórn BFSÍ samþykkti á stjórnarfundum um mitt ár 2021 að hækka starfshlutfall íþróttastjóra í 50% starf í samræmi við aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ sem kynnt var á bogfimiþingi 2021, en stjórnin hafði frestað því til 2021 vegna þess að öllum alþjóðlegum mótum var aflýst árið 2020 vegna kórónuveirufaraldurs.

Stjórn BFSÍ mun skoða endurskipulagningu á starfsmannamálum hjá sambandinu eftir að framkvæmdastjóri lét af störfum. En framkvæmdastjóra var ætlað að sinna hluta af verkefnum í afreksstarfi. Það mun mögulega felast í hækkun starfshlutfalls íþróttastjóra 2022 eða ráðningu viðbótar starfsmanna í afreksstarf til þess að koma á mótis við þau verkefni sem framkvæmdastjóri sambandsins hefði annars sinnt.

A landsliðsverkefni (HM/EM opinn flokkur/fullorðinna)

European Outdoor Championships – Antalya Tyrklandi maí 2021

Flestir hættu við EM utandyra vegna Covid ástandi í Tyrklandi, óvissu tengt ferðalögum og kostnaði. Tyrklandi var lokað í fyrsta sinn í faraldrinum rétt fyrir mótið, eini keppandinn sem lagði á sig för á mótið var Ewa Ploszaj úr BF Boganum en hún var ekki langt frá úrslitum á síðasta EM í Póllandi 2018. Ewa endaði í 33 sæti eftir lokakeppni á mótinu.

Þeir sem voru áætlaðir til þátttöku í undankeppni Ólympíuleika á EM settu stefnuna frekar á lokakeppni Ólympíuleika í París. Þar sem útlit var fyrir og byrjað að ræða að færa mögulega Evrópu undankeppni Ólympíuleika á lokakeppnismótið í París með sama fyrirkomulagi og ákveðið var fyrir Eyjaálfumeistaramótið og undankeppni fyrir sæti á Ólympíuleika fyrir Eyjaálfu, sem þurfti að aflýsa fyrr á árinu. Lokakeppni um þátttökurétt á Ólympíuleika og heimsbikarmót í París var komið með sérstaka undanþágu frá yfirvöldum þar í landi. Einnig var búið að aflýsa Evrópuþingi sem átti að vera haldið á sama stað og tíma og EM.



Ewa Ploszaj - Mynd WA

Þetta er fyrsta EM utandyra sem Ísland skipar ekki nánast fullu liði keppenda í náinni fortíð.

World Archery Championships – Yankton Bandaríkin september 2021

Tveir keppendur kepptu á HM utandyra á árinu, Alfreð Birgisson (57 sæti lokakeppni) og Anna María Alfreðsdóttir (33 sæti lokakeppni) bæði úr Akur. Anna var óheppin að vinna ekki fyrsta útslátt í lokakeppni. Í blandaðri liðakeppni voru Anna og Alfreð ekki langt frá því að komast í lokakeppni, en þau enduðu í 25 sæti rétt á eftir Japan í undankeppni. Miklar ráðstafanir voru vegna Covid tengt mótinu og þurfti sérstaka undanþágu yfirvalda til þess að fá að komast inn í landið.

Ítarlegri fréttir um mótin og gengi okkar keppenda er hægt að finna í fréttagreinum á archery.is

Önnur landsliðsverkefni fullorðinna (B/C)



Anna María Alfreðsdóttir á HM - Mynd WA

World Cup Stage 3 – París Frakklandi

Marín Aníta Hilmarsdóttir (57 sæti), Oliver Ormar Ingvarsson (125 sæti), Albert Ólafsson (33 sæti), Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir (33 sæti) og Gummi Guðjónsson (hætti keppni vegna veikinda) öll úr Boganum kepptu á heimsbikarmótinu í París. Albert og Sveinbjörg slógu tvö heimsmet á mótinu og þar með einnig tvö Evrópumet. Heimsmetið í undankeppni trissuboga blandaðra liða 50+ og heimsmetið í útsláttarkeppni blandaðra liða 50+. Þau áttu bæði metin frá heimsbikarmótinu í Berlín 2019. Marín sló Íslandsmetið í opnum flokki með skorið 599, eitt af tveim metum í íþróttinni í opnum flokki á árinu. Marín og Oliver slógu Íslandsmet landsliða í opnum flokki og U21 flokki í blandaðri liðakeppni. Miklar ráðstafanir voru vegna kórónuveirufaraldursins og allir keppendur voru einangraðir á hótélum og keppnisvelli allan tímann. Ísland skipaði tveim liðum á mótinu, blandað lið sveigboga náði ekki inn í lokakeppni og endaði í 32 sæti í undankeppni (24 efstu halda áfram) og blandað lið trissuboga sem endaði í 17 sæti í lokakeppni eftir tap gegn Þýskalandi.



Marín og Oliver með Mete Gazoz TUR sem vann þátttökurétt á FQT og vann síðar fyrstu verðlaun og fyrsta gull Tyrklands á Ólympíuleikum í bogfimi.

Final Qualification Tournament (FQT) Tokyo Olympics – París Frakklandi

Lokakeppni um þátttökurétt á Ólympíuleika var haldin tengt við heimsbikarmót á árinu eins og hefðin er. Marín Aníta Hilmarsdóttir (57 sæti í lokakeppni), Gummi Guðjónsson (57 sæti í lokakeppni) og Oliver Ormar Ingvarsson (57 sæti í lokakeppni) öll úr Boganum kepptu á mótinu. Enginn vann þátttökurétt að þessu sinni en allir keppendur sem þau töpuðu útslætti gegn unnu á endanum þátttökurétt á Ólympíuleikana.

Ungmenna landsliðsverkefni

World Archery Youth Championships Wrocław Pólland (fært frá Perth í Ástralíu)

Upprunalega átti að halda mótið í Perth í Ástralíu og ekki var áætlað að taka þátt á því vegna kostnaðar. Stefnan var að taka þátt með 10 keppendur á Evrópubikarmóti ungmenna í Rúmeníu. HM ungmenna í Ástralíu var svo aflýst vegna heimsfaraldurs og Pólland bauð sig fram til þess að halda mótið með 4 mánaða fyrirvara. Á þeim tíma höfðu mörg af þeim ungmennum sem stefndu á þátttöku á Evrópubikarmótinu hætt við vegna heimsfaraldurs og kostnaðar verkefnisins, því var ekki nægilega mikið af þátttakendum til þess að fylla í þau lið sem var miðað á að senda á það mót. Þar sem tækifærið kom upp að taka þátt í HMU í fyrsta skipti og kostnaður verkefnanna var svipaður var stefnan færð á HM ungmenna í staðin. Met þátttökufjöldi var í heildina á HM ungmenna þótti mjög undarlegt miðað aðstæður og heimsfaraldur. Marín og Anna byrjuðu báðar sterkar á mótinu og voru báðar hátt á lista í fyrri hluta undankeppni, um tíma báðar meðal 15 efstu, en það dalaði þegar leið á mótið.



Marín Aníta Hilmarsdóttir HM ungmenna – Mynd WA

- Anna María Alfreðsdóttir trissubogi U21 Akur, 33 sæti í lokakeppni 142-133
- Oliver Ormar Ingvarsson sveigbogi U21 Bógin, 57 sæti í lokakeppni 6-0
- Marín Aníta Hilmarsdóttir sveigbogi U18 Bógin, 57 sæti í lokakeppni 6-4

- Dagur Örn Fannarsson sveigbogi U21 Bogninn, 57 sæti í lokakeppni 6-0
- Dagur Örn Fannarsson trissubogi U21 Bogninn, 57 sæti í lokakeppni 144-125
- Blandað lið trissuboga U21, 25 sæti í undankeppni (24 efstu fara í lokakeppni)
- Fylgdarfolk BFSÍ: Alfreð Birgisson og Guðmundur Guðjónsson.

Norðurlandameistaramót Ungmenna (NUM) – Uppsala Svíþjóð

NUM 2021 var haldið með óvenjulegu sniði vegna kórónuveirufaraldurs. Eitt mót var haldið í hverju landi á sama degi/tíma og sameiginleg úrslit úr þeim mótum voru úrslit NUM 2021. Viðbótar aldursflokki var bætt við á NUM 2021, 21 árs flokkur, til að koma á mótis við þá keppendur sem misstu af möguleikanum á þátttöku á síðast NUM vegna þess að NUM 2020 var aflýst.

Marín Aníta Hilmarsdóttir í Boganum sýndi frábæra frammistöðu á mótinu og vann Norðurlandameistaratitil í U18 sveigboga kvenna með yfirburðum, en það var einnig fjölmennasti flokkurinn á mótinu. Guðbjörg Reynisdóttir í Hróa Hetti vann Norðurlandameistaratitilinn í 21 árs flokki berboga kvenna. Anna María Alfreðsdóttir U21 trissubogi kvenna og Rakel Arnþórsdóttir 21 árs flokki sveigboga kvenna báðar í Akur unnu til bronsverðlauna á mótinu.



Frá vinstri. Rakel, Guðbjörg, Anna og Marín á NUM 2021

Hæfileikamótun

Nokkur hópaverkefni voru haldin í hæfileikamótun á árinu en helsta áhersla var á einstaklings þjálfun. Slík þjálfun hefur almennt skilað mestum árangri í að hækka getustig íþróttafólksins. Mest áhersla hefur verið á að bæta form og tækni einstaklinga, einnig ráð/aðstoð við stillingar/val á búnaði, æfingarskipulagsgerð, markmiðasetning og þátttöku-/fjárhagsáætlun.

Helsta markmið hæfileikamótunar er að skapa íþróttafólk í U18 landslið og hækka getustig þeirra sem ná viðmiðum fyrir U18 og U21 landslið sem mun á endanum skila sér í sterkara landsliði í opnum flokki í framtíðinni. Hæfileikamótun er langtíma undirstaða þess að Ísland geti skipað sér sæti meðal bestu þjóða í heiminum í íþróttinni. Stærð ungmennalandsliðs og þarfir í stöður ungmennalandsliðs mun hafa áhrif á áherslur hæfileikamótunar, breytingar á skipulagi hópsins og val í hópinn í framtíðinni. Sjáanlegt er að hæfileikamótun er að skila góðum árangri s.s. á því að nokkrir einstaklingar í hópnum, þrátt fyrir ungan aldur, eru að ná lágmarksviðmiðum fyrir Evrópuleika og Ólympíuleika.

Fyrstu skrefin að samstarfi við aðrar þjóðir í afreksstarfi voru tekin á þessu ári að frumkvæði Svíþjóðar og Íslands. Haldin var fyrsti fjarviðburður fyrir ungmennalandslið og hæfileikamótunarhópa Svíþjóðar, Íslands og Noregs, Finnland lýsti yfir áhuga á slíku samstarfi en aðeins 2 tóku þátt, mest var þátttaka frá Svíþjóð og Íslandi 13 frá hvorri þjóð. Áætlað var að halda annan slíkan viðburð utandyra seinni hluta 2021 en ákveðið var að fresta honum. Vonast er til þessir viðburðir þróist í reglubundið samstarf milli þjóðanna. Viðburðirnir eru sameiginlegt fjarmót



Mynd af Íslensku þátttakendum Norðurlandabúða í mars.

tengd við æfingabúðir í hverju landi fyrir sig.

Á heimsmeistaramóti ungmenna skipulagði BFSÍ æfingabúðir á æfingasvæði mótsins ásamt nokkrum vina-leikjum milli Norðurlandþjóða. Noregur, Finnland og Svíþjóð tóku þátt en fáir frá Danmörku þar sem ákveðnir Danir komust í úrslit mótsins. BFSÍ var hrósað mikið fyrir frumkvæðið og var óskað eftir að BFSÍ tæki að sér að efna til fleiri slíka viðburði á erlendum ungmenna mótum í framtíðinni, en slíkt samstarf hefur ekki tíðkast áður milli þjóðanna.

Nokkur önnur verkefni voru í hæfileikamótun s.s. Afreksbúðir ÍSÍ, World Academy of Sports athlete certificate, fjarfundir með erlendu afreksíþróttafólki á heimsmælikvarða o.s.frv.

Menntun/endurmenntun afreksþjálfara

Öll þjálfaramenntun á vegum heimssambandsins lá niðri á árinu 2021, og því tókst ekki að senda þjálfara í endurmenntun á árinu þar sem öllum námskeiðum var aflýst. Komið er út skipulag fyrir „Development“ á árinu 2022 sem hægt er að finna á vefsíðu heimssambandsins. BFSÍ er að vinna í skipulagi þjálfaranámskeiða um mitt ár 2022 á Íslandi, áætlað er að halda þau í samstarfi við heimssambandið og Ólympíusamhjálpinu (Olympic Solidarity). Íþróttastjóri tók ÍSÍ stig 3 námskeið til þess að ljúka formlega stig 3 þjálfaramenntun á vegum BFSÍ, til að mæta kröfum ÍSÍ um almenna hluta þjálfaramenntunar og margfaldi heimsmeisterinn Natalia Avdeeva hélt fjarfyrirlestur á árinu fyrir þjálfara og einstaklinga í hópum BFSÍ.

Alþjóðlegir dómara

Einn alþjóðlegur dómari er með réttindi á Íslandi 2021. Guðmundur Örn Guðjónsson heimsálfudómari World Archery Europe. Hver þjóð má eiga að hámarki 9 alþjóðlega dómara. 12 dómara á Norðurlöndum voru með alþjóðleg réttindi árið 2021. Engin alþjóðleg dómara námskeið voru haldin á árinu 2021 og því engin kostnaður vegna menntunar/endurmenntunar. Alþjóð-



Bráðabani dæmdur jafn á Íslandsmóti og hann endurtekinn.

legir dómara eru dómara viðkomandi alþjóðasambands og BFSÍ kemur ekki að þeirra störfum nema tengt menntun/endurmenntun þeirra og stuðning í verkefnum sem alþjóðasambönd velja þá í.

Ferli er til staðar í reglugerðum BFSÍ fyrir landsdómara sem vilja sækjast í alþjóðleg dómara réttindi. Því er ekkert sem stendur í vegi þess að fjölga alþjóðlegum dómurum annað en áhugi, þekking og reynsla dómara.

Heilbrigðisteymi

Mest áhersla í heilbrigðisteymi hefur verið á íþróttasálfræði og almennt eftirlit íþróttafólks hjá sjúkra-þjálfurum. Næringarfræðingur og íþróttasálfræðingur héldu fyrirlestra seinni part ársins sem opnir voru öllum aðildarfélögum. Þátttaka á fyrirlestrum var frekar dræm og flest íþróttafólk telur sig fá meira út úr einkatímum en fyrirlestrum. Líklegt er að áhersla í heilbrigðisteymi sambandsins muni því færast meira í þá átt sem reynslan stýrir okkur í framtíðinni.

Gott samstarf er komið á við íþróttasálfræðing teymisins og tímar hjá íþróttasálfræðingi hafa skilað góðum árangri með íþróttafólki. Markmiðið er að skapa langtíma samstarf við íþróttasálfræðing sem sérhæft hefur sig í okkar íþróttagreinum og getur því tengt sig betur við íþróttafólkið. Á fyrri hluta ársins hittust íþróttastjóri og íþróttasálfræðingur BFSÍ (Helgi Valur Pálsson) í eins dags kennslu þar sem honum var kennt á helstu atriði íþróttarinnar svo að hann gæti tengt sig betur við íþróttafólki og skilið betur atriði íþróttarinnar sem komu upp í tímum hans með íþróttafólkinu.

BFSÍ nýtti þjónustu nokkurra sjúkrabjálfa til þess að fylgjast með stöðu íþróttafólks sem er skilgreint í afrekshópa BFSÍ. Meðal annars vegna sérhæfingu sjúkrabjálfa og sérþarfa íþróttamanna. Einnig til þess að koma á mótis við afreksfólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins að geta leitað sér að þjónustu í sinni heimbyggð. Flestir í landsliðshópum BFSÍ hafa leitað til sjúkrabjálfa á árinu tengt slysavörnum, almennu mati á líkamsbyggingu og vegna meðhöndlunar/forvarna meiðsla.

Rætt var við nokkur lönd um möguleika á samstarfi tengt heilbrigðisteymi í landsliðsverkefnum m.a. Norðurlöndin, Írland og Þýskaland. Útlit er fyrir að mögulegt verði að koma á slíku samstarfi við mótshaldara stærri alþjóðlegri móta og hefur BFSÍ átt frumkvæði að slíkum umræðum við heimssambandið um fyrirkomulag á slíku samstarfi. Slíkt samstarf myndi gagnast mörgum öðrum þjóðum í stuðningsteymi fyrir sitt íþróttafólk á viðburðum. Áætlað er að kostnaður vegna heilbrigðisteymis muni aukast á næstu árum í samræmi við fjölgun landsliðsverkefna.



Afreksstefna og aðgerðaáætlun

Uppfærð átta ára afreksstefna var samþykkt á Bogfimiþingi BFSÍ í mars 2021 ásamt henni var kynnt á þinginu aðgerðaáætlun afreksstarfs til fjögurra ára. Afreksstefnan er rammi stjórnar BFSÍ um afreksstarf.

Mælikvarðar á markmiðum í Afreksstefnu BFSÍ 2021-2029

- *Iðkendum í ungmennaflokkum fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári*
 - 2021 Markmiði náð. Gífurleg fjölgun yngri iðkenda var á árinu sjá umfjöllun framar í skýrslunni.
- *Keppendum á Íslandsmótum fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári.*
 - 2021 Markmiði ekki náð. Um 20% fækkun var á þátttöku á Íslandsmótum á árinu. En 2020 var met ár í þátttöku og uppvöxtur íþróttinni er búin að vera gífurlegur og þetta er fyrsta ár sem færri skráningar berast en árið áður, möguleg ástæða er að byrjað sé að finna fyrir langtíma áhrifum kórónuveirufaraldurs á mótaþátttöku. Það sést mun meiri fækkun hjá öðrum Norðurlöndum.
- *Bjóða upp á dómara- og þjálfaranámskeið árlega fyrir 2022*
 - 2021 Markmiði náð að hluta. Dómara fjarnámskeið á vegum World Archery og bóklegi hluti þjálfaranámskeiðs World Archery stig 1 var tekið í notkun á árinu. Ekki náðist að halda verklega hluta þjálfaranámskeiðs á árinu 2021 en því var frestað til 2022 vegna kórónuveirufaraldurs.
- *Gera áætlun um stoðþjónustu sem er í boði fyrir afreksfólk fyrir 2022.*
 - 2021 Markmiði náð. Áætlunina er að finna á vefsíðu sambandsins bogfimi.is
- *Bjóða landsliðum og afreksfólki BFSÍ upp á eins faglega og heildstæða keppnidagsskrá á ársgrundvelli, eins og mögulegt er hverju sinni, þar sem leitast er við að lágmarka tilkostnað fyrir afreksfólkið sjálft.*
 - 2021 Markmiði náð. BFSÍ var meðal virkustu þjóða í heiminum í mótahaldi og tengingum við mótaraðir eins og World Archery Indoor World Series til að gefa afreksfólki og Íslenskum iðkendum hámarks möguleika til að ná árangri. Vert væri að skilgreina nánar þýðingu þessa markmiðs í næstu yfirferð afreksstefnu BFSÍ til að auðvelda mælingu markmiðsins.
- *Keppendum á NUM fjölgi um a.m.k. 5% á hverju ári.*
 - 2021 Markmiði ekki náð. Það vantaði einn keppanda upp á að 5% markmiðinu væri náð. Ánægjulegt var þó að sjá að engin fækkun var á Íslenskum þátttakendum á NUM þar sem fækkun hjá flestum Norðurlöndum var um 20-30% minni þátttaka.

Flestum markmiðum var því náð, en erfitt er að meta stöðu starfsins eftir markmiðum í afreksstefnu vegna mikilla raskana vegna kórónuveirufaraldursins.

Árangur í landsliðsverkefnum

Flókið getur verið að meta árangur í íþróttum þar sem mat aðila á árangri er mismunandi. Frekar en að fara „fögrum orðum“ um hverjir hafa náð góðum árangri ákváðum við að setja fram alla tölfræðina og leyfa hverjum og einum einstaklingi að meta það sjálfum. Við skiptum landsliðsverkefnum í 4 fasa/hluta og flokkuðum svo landsliðsverkefni í A/B/C landsliðsverkefni (úr Afreksstefnu BFSÍ t.d. A=HM C=NUM). Hlutarnir eru: 1: Reyna að vinna þátttökurétt á móti. 2: mótið sjálft. 3: úrslit. 4: verðlaun.

Fasi 1: Í bogfimi byrja mót á undankeppni á keppnisstað erlendis (kallast forkeppni í sumum íþróttum og öðrum íþróttum byggist undankeppni á t.d. stöðu á heimslista), skor í undankeppni ræður því hvaða einstaklingar og lið vinna þátttökurétt á viðkomandi móti (s.s. HM). Þeir keppendur sem komast ekki áfram eftir undankeppni unnu ekki þátttökurétt á viðkomandi móti og fá ekki stig á heims/Evrópulista.

Fasi 2: Næsti hluti keppni fyrir þá sem halda áfram eftir undankeppni kallast mismunandi nöfnum í mismunandi íþróttagreinum innan og utan bogfimi s.s. lokakeppni (finals), útsláttarkeppni (leikir/matches), útrýmingarkeppni (eliminations), undanúrslit o.s.frv.. Í bogfimimótum utandyra eru það: 104 einstaklingar og 24 lið. Í mótum innandyra eru það: 32 einstaklingar og 16 lið. Í víðavangsbogfimi: 22 einstaklingar og 8 lið.

Fasi 3: Úrslit væri næsti hluti keppni, fjöldi einstaklinga sem kemst í úrslit er mismunandi eftir íþróttagreinum en er almennt 8-16 efstu í niðurstöðum eftir því hvernig keppnisfyrirkomulagi er háttað í þeirri íþrótt. Í bogfimi miðast úrslit við 16 efstu í niðurstöðum mótsins í Afreksstefnu BFSÍ.

Fasi 4: Eftir úrslit er svo hægt að tala um verðlaunahafa (þá sem unnu til verðlauna á mótinu) almennt í íþróttum eins og í bogfimi eru það þrír efstu keppendur/lið á móti, en í sumum íþróttum eru það fjórir efstu (s.s. þar sem ekki er gerður greinarmunur á þriðja og fjórða sæti t.d. sumum spaða íþróttum).



Þessi flokkun er að mestu leiti byggð á upplýsingum úr reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ og upplýsingum frá starfsfólki Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Bogfimi er skilgreind sem „einstaklingsíþrótt“ hjá ÍSÍ. Í einstaklingsíþróttum eru allar niðurstöður skilgreindar sem niðurstöður fyrir einstakling óháð því hvort að niðurstöðurnar séu úr einstaklingskeppni (individual), liðakeppni (team) eða blandaðri liðkeppni (mixed team) og óháð því hve oft keppandi tekur þátt á mótinu s.s. með því að keppa í trissuboga og sveigboga.

Árangur er einnig hægt að meta eftir stöðu lands á heims/Evrópulista (afrekslistum). Á öftustu síðum skýrslu stjórnar er hægt að sjá stöðu BFSÍ á afrekslistum miðað við fjölda þjóða sem eru aðilar að viðkomandi alþjóðasambandi (staðan miðast við afrekslista 31 desember hvert ár). Ásamt samantekt af fjölda einstaklinga sem hafa náð í hvern fasa/hluta landsliðsverkefnis síðustu 8 ár. Vert er að geta að heims- og Evrópulisti eru í smá uppnámi núna vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins þar sem stig á listunum fynrast á tveim árum.

Tilgangur þessarar uppsetningar er að búa til samantekt á niðurstöðum landsliðsverkefna og stöðu BFSÍ á afrekslistum sem fólk innan og utan íþróttarinnar getur skilið og notfært sér til að meta stöðu og árangur BFSÍ. Þetta auðveldar einnig samanburð stöðu ólíkra íþróttará Íslandi.

Hér er hægt að finna lista yfir þá einstaklinga sem unnu þátttökurétt, komust í úrslit og/eða unnu til verðlauna á árinu. Listinn miðast við hæstu niðurstöðu einstaklingsins í landsliðsverkefni (óháð því hvort að sú niðurstaða var fyrir lið, einstakling, blandað lið, sveigbogi, trissubogi, berbogi o.s.frv.).

Í lokakeppni/útsláttarkeppni/útrýmingarkeppni/undanúrslitum í landsliðsverkefnum 2021

Fasi 2. Miðast við þá sem héldu áfram eftir undankeppni í næsta hluta mótsins (unnu þátttökurétt).

- A Landsliðsverkefni
 - Ewa Ploszaj – EM utandyra
 - Alfreð Birgisson – HM utandyra
 - Anna María Alfreðsdóttir – HM utandyra
- B Landsliðsverkefni
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – HM ungmenna
 - Oliver Ormar Ingvarsson – HM ungmenna
 - Dagur Örn Fannarsson – HM ungmenna
 - Anna María Alfreðsdóttir – HM ungmenna
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – Lokamót um þátttökurétt á Ólympíuleika Tókýó
 - Oliver Ormar Ingvarsson – Lokamót um þátttökurétt á Ólympíuleika Tókýó
 - Guðmundur Örn Guðjónsson – Lokamót um þátttökurétt á Ólympíuleika Tókýó
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – Heimbikarmót París
 - Albert Ólafsson – Heimbikarmót París
 - Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir – Heimbikarmót París
- C Landsliðsverkefni (í mörgum C landsliðsverkefnum ráðast úrslit af skori úr undankeppni)
 - Of margir til að lista upp sérstaklega

Í úrslitum í landsliðsverkefnum 2021

Fasi 3: Miðast við efstu 16 sæti í lokaniðurstöðum mótsins í samræmi við Afreksstefnu BFSÍ.


- A Landsliðsverkefni
 - Enginn
- B Landsliðsverkefni
 - Enginn
- C Landsliðsverkefni (mörg C landsliðsverkefni eru ekki með úrslit s.s. Indoor World Series Open)
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 1 sæti
 - Guðbjörg Reynisdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 1 sæti
 - Anna María Alfreðsdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 3 sæti
 - Rakel Arnþórsdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 3 sæti
 - Oliver Ormar Ingvarsson – Norðurlandameistaramót ungmenna – 5 sæti
 - Daníel Baldursson – Norðurlandameistaramót ungmenna – 5 sæti
 - Freyja Dís Benediktsdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 6 sæti
 - Núi Barkarson – Norðurlandameistaramót ungmenna – 6 sæti
 - Sara Sigurðardóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 6 sæti
 - Nóam Óli Stefánsson – Norðurlandameistaramót ungmenna – 6 sæti
 - Logi Beck Kristinsson – Norðurlandameistaramót ungmenna – 8 sæti
 - Alexía Lív Birgisdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 8 sæti

Í verðlaunasætum í landsliðsverkefnum 2021


Fasi 4: Þeir einstaklingar sem unnu til verðlauna í landsliðsverkefnum 2021.

- A Landsliðsverkefni
 - Enginn
- B Landsliðsverkefni
 - Enginn
- C Landsliðsverkefni
 - Marín Aníta Hilmarsdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 1 sæti
 - Guðbjörg Reynisdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 1 sæti
 - Anna María Alfreðsdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 3 sæti
 - Rakel Arnþórsdóttir – Norðurlandameistaramót ungmenna – 3 sæti


HÆSTU Á HEIMSLISTA TRISSUBOGA




HÆSTU Á EVRÓPULISTA TRISSUBOGA




ÍSLAND HEIMSLISTI TRISSUBOGA BLANDAÐ LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI TRISSUBOGA BLANDAÐ LIÐ




ÍSLAND HEIMSLISTI TRISSUBOGA KARLA LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI TRISSUBOGA KARLA LIÐ




ÍSLAND HEIMSLISTI TRISSUBOGA KVENNA LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI TRISSUBOGA KVENNA LIÐ




HEIMSLISTI HÆSTU Í SVEIGBOGA




HÆSTU Á EVRÓPULISTA SVEIGBOGA




ÍSLAND HEIMSLISTI SVEIGBOGA BLANDAÐ LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI SVEIGBOGA BLANDAÐ LIÐ




ÍSLAND HEIMSLISTI SVEIGBOGA KARLA LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI SVEIGBOGA KARLA LIÐ




ÍSLAND HEIMSLISTI SVEIGBOGA KVENNA LIÐ




ÍSLAND EVRÓPULISTI SVEIGBOGA KVENNA LIÐ




Samtals þátttaka Landsliðsverkefni



A Landsliðsverkefni tölfræði HM/EM/ÓL/EL



B Landsliðsverkefni tölfræði Heims-/Evrópubikarmót, HM/EM/ÓL/EB ungmenna



C Landsliðsverkefni tölfræði IWS/NUM HM/EM/HL/EL Öldunga og önnur heimslistamót

